

**Nd.**

**162. Tillaga**

til þingsályktunar um miðunarstöð í Vestmannaeyjum.

Flm.: Páll Þorbjörnsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að koma upp miðunarstöð í Vestmannaeyjum svo fljótt sem unnt er.

**Greinargerð.**

Loftskeytastöðin í Vestmannaeyjum ynnur nú jafnframt skeytaviðskiptum sem radioviti. Þetta kemur eingöngu þeim skipum að gagna, sem hafa miðunartæki um borð. Miðunartæki eru svo dýr, að ekki eru líkur til, að þau verði algeng í minni skipum, auk þess sem ógerningur mun vera að starfrækja þau í smærri vélskipum. Hinsvegar þurfa skip ekki annað en loftskeytastöð eða talstöð til að hafa gagn af miðunarstöð í landi. Fjöldi vélbáta og linuveiðagufuskipa hefir nú þegar talstöðvar, og munu þær flestar leigðar af landssímanum fyrir ákveðið gjald (100 kr. um árið). Allar líkur eru til, að allflestir bátar, sem veiðar stunda við Vestmannaeyjar, mundu fá sér slíkar talstöðvar eftir að miðunarstöð væri komin í landi, og væri þá öryggi þeirra á sjónum stórum bætt.